



Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á ráðstefnunni

**MANNRÉTTINDAÁKVÆÐI STJÓRNARSKRÁR Í 10 ÁR –  
ÁHRIF OG FRAMTÍÐARSÝN**

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og  
Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Askja, Háskóla Íslands  
8. apríl 2005

Ágætu ráðstefnugestir

Fyrrum hefði það þótt næsta sérkennilegt að efna til umræðu um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar tíu árum eftir að breið samstaða skapaðist um sess þeirra í stjórnskipuninni. Enn fjarstæðukenndari hefði slík umræða þó verið í hugum þeirra sem framan af síðustu öld tóku slík efni til umfjöllunar.

Ég man vel hvernig andinn var í hinni merku stjórnarskrárnefnd sem dr. Gunnar Thoroddsen veitti forstöðu fyrir um aldarfjórðungi. Þar var margt sett á dagskrá, umræðan opin og frjálsleg; engu að síður þótti það róttækt í hugum nefndarmanna að breikka réttindakafla stjórnarskrárinnar á þann veg að láta hann einnig taka til félagslegra réttinda, jafnréttis kynjanna, aðstöðu til menntunar, heilbrigðis og umönnunar.

Ef textinn sem nú gildir í stjórnarskrá vinnu Finna hefði verið lagður á nefndarborðið hefði hann vísast verði umsvifalaust dæmdur úr leik, svo fjarri er hann því sem þá var talið samrýnast þjóðfélagsháttum og tíðaranda; margir efnisþættir í hinni finnsku skrá hefðu verið taldir af öðrum heimi.

Þessi sögulega áminning er okkur holl, vitnisburður um hve hratt skilningur á réttindum einstaklinga hefur breyst, að lýðræðisvitund okkar hefur orðið fjölþættari og tekur í vaxandi mæli mið af þróuninni vítt og breitt um veröldina.

Þó var stjórnarskrárnefnd dr. Gunnars Thoroddsen á margan hátt merkur vettvangur og framsýni setti sterkan svip á samræðurnar. Mér hefur löngum þótt að formaðurinn hafi ekki notið sannmælis fyrir framlag sitt enda var hann þá háður valdaglímu við ýmsa félaga sína. Það væri þó á ýmsan hátt fróðlegt rannsóknarefni að setja störf og tillögur þeirrar nefndar í samhengi við það sem hæst ber á okkar dögum.

Umræðan um stjórnskipan tekur oft á sig skrýtnar myndir og stundum hendir það hina bestu menn að villast á hugtökum og viðurkenndum skilningi á grundvallarþáttum. Þá vill og gleymast að rætur stjórnskipunarinnar eru í hugsjónum um réttindi fólksins, hugsjónum um að ríkisvald eigi að byggja á vilja þjóðar, hugsjónum um frelsi frá ofstjórn valdhafanna.

Stjórnarskráin er ekki fyrst og fremst tæki til að tryggja ítök stofnana. Hún er umfram allt trygging fyrir því að enginn einn vettvangur verði öðrum æðri. Það er einkum gert á tvennan hátt: Annars vegar með því að láta stofnanir vegast á, takmarka vald með aðskilnaði; og hins vegar með réttindaskrá sem tryggir frelsi og sjálfstæði fólksins, markar helga reiti þar sem kóngar og drotningar valdsins geta ekki látið til sín taka.

Það er von mín að í umræðum sem fram fara á næstu misserum um endurskoðun stjórnarskrárinnar, bæði innan nefndarinnar sem stjórnsmálaflokkarnir hafa fyrir sitt leyti valið og einnig með umræðum meðal þjóðarinnar, verði hugsjónagrundvöllurinn hafður í huga, sá grundvöllur sem lýðræðisskipan okkar og annarra landa byggist á, hugsjónir sem heimspekingar og brautryðjendur í lýðræðisþróun fyrri alda settu fram, hugsjónir sem forystusveitir sjálfstæðisbaráttunnar settu á oddinn, hugsjónir sem mótuðu umræður og ákvarðanir í aðdraganda lýðveldisstofnunar fyrir sextíu árum.

Kjarninn í þessum hugsjónaarfi er að þjóðin er grundvöllur ríkisvaldsins, þjóðarviljinn æðri ákvörðunum Alþingis og ríkisstjórnar. Þótt stofnanirnar tvær, Alþingi og ríkisstjórn, séu hinar merkustu og saga þeirra samofin framþróun þjóðarinnar, þá er það misskilningur sem stundum heyrir að þær séu æðstar í lýðræðisskipan okkar Íslendinga. Það er þjóðin sjálf sem skipar þann sess – kjarni stjórnarskrárinnar er að tryggja að þjóðarviljinn ríki í raun.

Mannréttindin eru lykiltæki á þeirri braut; lýðræði og frelsi Íslendinga háð því að þau endurspegli ætíð þjóðarvilja, séu í reynd endurómur þess sem þjóðarsálin telur við hæfi, séu í senn grundvallartexti og spegilmynd þess sem vakir í réttlætiskennd þjóðarinnar.

Mannréttindin eru vísbending um drauma og vonir, um sjálfsvitund þjóðar og framtíðarsýn. Þau taka mið af tíðaranda en eiga sér einnig rætur í reynslu kynslóðanna.

Þau eru vissulega lagatexti öðrum æðri og merkilegri, en þau eru líka eins konar hugsjónaskrá, ávísun á þá samfélagsgerð sem að er stefnt.

Þau eru áfangaskrá og vegvísir um framtíðina.

Samfélagsþróun fyrri alda bjó við hægari takt en á okkar tímum og því var skiljanlegt að umræðan um mannréttindin væri í nokkuð föstum skorðum; en nú er öldin önnur og hraði breytinganna nánast ótrúlegur í samanburði.

Því er eðlilegt að umræðan um mannréttindi vakni á ný svo skömmu eftir að breytingar voru síðast gerðar.

Margar ástæður knýja á um að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar séu aftur tekin á dagskrá:

- Lýðræðisvitund okkar tíma kallar á beinni aðild fólks að ákvörðunum.
- Tækninýjungar breyta í sífellu stöðu einstaklinga, skapa ríki og fyrirtækjum valdaítök sem áður voru óhugsandi.
- Alþjóðavæðingin færir okkur æ fleiri áhrifaþætti sem móta örlög einstaklinga, hafa áhrif á stöðu þeirra og lífsskilyrði, skapa áhrifaríkar samsteypur sem spinna vefinn vítt og breitt um veröldina, eru á vissan hátt án ríkisfangs og þess aðhalds sem stjórnskipun hvers einstaks lands getur veitt.
- Umhverfismálin, aðgangur einstaklinga að náttúrunni, rétturinn til að upplifa umhverfið í óspilltri mynd er í hugum margra orðin sams konar krafa og rétturinn til kosninga og séreignar var á fyrri tímum þegar mannréttindin voru fyrst færð í texta.
- Aðgangur að upplýsingum er einnig orðinn annar en áður var og því geta einstaklingar verið jafnvígir og ríkisvaldið við að móta innihald ákvarðana. Það dregur til muna úr þeim forréttindum sem valdastofnanir hafa notið og mun í framtíðinni styrkja mjög réttindakröfur einstaklinga.
- Samfélagið verður sífellt fjölþjóðlegra og það kallar á rétt fólks sem hingað kemur frá fjarlægum löndum til að varðveita tungu sína og menningu um leið og það tileinkar sér arfleifð Íslendinga.

Ég hef hér nefnt sex þætti í þjóðfélagsþróun okkar tíma sem kalla á nýjar umræður um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, umræður um breytt orðalag og nýja texta, og sjálfsagt eru fleiri þættir sem á sama hátt knýja til samræðu um þessi efni á komandi árum.

Þess vegna ber að fagna því að Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Mannréttindaskrifstofa Íslands skulu efna til ráðstefnunnar sem hér er haldin og vonandi verður hún til þess að mannréttindin verði ekki síður en önnur atriði á dagskrá við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar sem nú er hafin.